

2.fundur Ferðamálaráðs

7. maí 2015 kl. 11-13

Mættir: Þórey Vilhjálmsdóttir, formaður, Páll Marvin Jónsson, varaformaður, Halldór Benjamín Þorbergsson, Ásbjörn Björgvinsson, Díana Mjöll Sveinsdóttir, Jón Ásbergsson, Ingibjörg G og Valgerður Rún Benediktsdóttir sem ritaði fundargerð.

Gestir: Þorgeir Pálsson og Vilborg Helga meðlimir hóps um stefnu og framtíðarsýn fyrir ferðaþjónustu á Íslandi. Brynhildur Pálmarsdóttir, sérfræðingur í atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu. Oddný Þóra Óladóttir, sérfræðingur hjá Ferðamálastofu.

1. Staða á vinnu verkefnahóps um nýja ferðamálastefnu - Þorgeir Pálsson og Vilborg Helga.

Þorgeir og Vilborg fóru yfir stöðu á vinnu verkefnahóps um stefnu og framtíðarsýn fyrir ferðaþjónustu á Íslandi. Staðan á vinnunni er trúnaðarmál enda niðurstöður ennþá í drögum. Ferðamálaráð hvatt til að koma að athugasemdum ef einhverjar eru. Bæði hægt að setja inn á ferðamálastefna.is og senda beint á verkefnahópinn.

Drög að niðurstöðu:

Þrjú meginmarkið; 1) Aukin arðsemi og verðmætasköpun, 2) Einstök upplifun ferðamanna, 3) Aukin dreifing ferðamanna.

Undir þeim séu þrjár grunnstoðir; 1) Skilvirkt stoðkerfi, 2) Sjálfbærni og náttúruvernd, 3) Gæði, hæfni og gestrisni.

Síðan verður gerð aðgerðaáætlun þar sem listaðar verða upp aðgerðir sem ætlað er að ná ofangreindum markmiðum.

Teknir saman lykilmælikvarðar: 1) Arðsemi og verðmætasköpun (ferðaþjónustureikningar, tekjur pr. gistinótt), 2) Eintök upplifun ferðamanna (landamærakönnun 4x á ári), 3) Dreifing ferðamanna (hlutfall), 4) Gæði, upplifun starfsfólks (SAF/ferðaþj./Vakinn – viðhorfskannanir 2x á ári).

Umræður:

- Ráðsmenn bentu á að ekki væri rétt að tala um dreifingu ferðamanna heldur frekar að tala um að fjölga seglum eða auka aðdráttarafl svæða.
- Rætt hvort að of mikið væri gert úr því að landsmenn væru ósáttir við aukna fjölgun ferðamanna þar sem þær kannanir sem gerðar hafa verið benda ekki endilega til þess. Líklegt að óánægja tengist frekar ákveðnum svæðum en landinu í heild.
- Rætt um að tengja fjárhagslega hvata við markmiðin.
- Má ekki gleyma félagslegum verðmætum sem skapast við aukinn straum ferðamanna.
- Þarf að skoða hvernig hægt er að auka tekjur sveitarfélaga og þar með hvata þeirra til að styðja við uppbyggingu ferðaþjónustu. Rætt m.a. hvort að rétt væri að gistináttaskattur rynni beint til sveitarfélaga.
- Varðandi mælingar og markmið þá þarf að taka tillit til þess hversu mikil uppbygging t.d. í gistingu er fyrirhuguð. Ekki hægt að setja markmið um fjölgun og dreifingu ef innviðirnir eru ekki til staðar.
- Mikilvægt hvernig vinnan er kynnt. Almennt eru það góðar fréttir hversu margir ferðamenn heimsæki landið en að með markvissari aðgerðum sé hægt að gera betur í móttöku þeirra, umgjörð og innviðum.

2. Yfirvofandi verkfall og áhrif þess á ferðaþjónustuna - Umræður

Ljóst að staðan er grafalvarleg og getur það haft mikil áhrif ef verkföll verða langvin. Rætt um mikilvægi þess að verkföll komi inn í áhættugreiningar í framtíðinni.

3. Kynning á frumvarpi til nýrra heildarlaga um leigu skráningarskyldra ökutækja - Brynhildur Pálmarsdóttir

Farið yfir helstu breytingar. Markmið með frumvarpinu að gera ríkari kröfur til bílaleiga og auka eftirlit og eftirlitsheimildir Samgöngustofu.

Helstu breytingar: 1) Ná nú yfir öll skráningarskyld ökutæki, 2) Leyfi verða ótímabær, 3) Ríkari kröfur gerðar til ökutækjaleiganna, verða að vera eigendur, bílar tryggðir og skoðaðir og hnekkt á orðalagi um ástand og upplýsingagjöf, 4) Nýtt ákvæði um þá sem vilja hafa milligöngu um leigu bíla en eiga þá ekki (leiga milli einstaklinga), t.d. gerðar ríkari kröfur um tryggingar, 5) Auknar heimildir til eftirlits og sekta hjá Samgöngustofu.

Umræður:

- Rætt um hvernig væri háttað reglum varðandi það að leigja bílaleigubíl með ökumanni. Þarf að skoða hvernig því regluverki er háttað.

4. Kynning á frumvarpi til breytinga á lögum um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald - Brynhildur Pálmarsdóttir

Farið yfir helstu breytingar. Er starfshópur að störfum til að endurskoða lögin en ákveðið var að fara með stutt frumvarp um heimagistingu.

Helstu breytingar: 1) Heimagisting verður skráningarskyld en ekki leyfisskyld eins og nú er. Hámark 10 manns, leigan verði að hámarki 8 vikur, tvær eignir (líklegt að atvinnuveganefnd lengi þann tíma), 2) fellt niður viðmið um að veitingastaðir í flokki 2 geti haft opið lengur en til 23, fari þá eftir því hvort að sveitarfélagið metur starfsemina umfangsmikla eða umfangslitla, 3) sameining á umsögnum sveitarfélags og byggingarfulltrúa.

5. Ferðaþjónustan á Íslandi í tölum - Oddný Þóra Óladóttir

Farið yfir nýjan bækling sem gefin er út af Ferðamálastofu „Ferðaþjónusta á Íslandi í tölum“.

Umræður:

- Rætt um hversu nákvæmar tölum um gistingu raunverulega eru þar sem ekki er víst að skráning sé allsstaðar nákvæm. Þar auki er nokkuð um gistingu sem ekki er uppi á borðinu.
- Mjög mikilvægt að alltaf séu notaðir sömu mælikvarðar og sömu mælikvarðar og notaðir eru erlendis.
- Rætt hvað væri mikilvægt að mæla. T.d. að mæla betur á flugvöllum hver er tilgangur komu eða brottfara hjá gestum. Gera stærri úrtök og oftar.
- Væri hægt að gera greiningar fyrir einstök. Rætt að Ferðamálastofa gæti komið að slíkri vinnu með ákveðnum svæðum en þá vinnu þarf að fjármagna sérstaklega.
- Líka rætt hvort að opinberir aðilar væri alltaf best til þess fallnir að afla upplýsinga. Eitt sjónarmið að opinberir aðilar beri ábyrgð á grunnöflun gagna en síðan sé öðrum eftirlátin túlkun.

6. Annað

Rætt að ráðið fái kynningar á frumvörpum þegar þau eru á vinnslustigi hjá ráðuneytinu.

Vakin athygli á að það er opin fundur í Hörpu í næstu viku um kynningarmál. Póstur verður sendur á ráðið til að vekja athygli á fundinum. Fulltrúi Íslandsstofu verði fenginn á fundinn í haust til að fara yfir kynningarmál.